



Fundur í sveitarstjórn

57. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri fimmtudaginn 12. janúar 2017 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson oddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 845. stjórnarfundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags 16. desember 2016
2. Fundargerð 289. stjórnarfundar Eyþings, dags 16. desember 2016
3. Fundargerð 290. stjórnarfundar Eyþings, dags 6. janúar 2017
4. Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um br. á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins
5. Innsent bréf, Brynhildur Óladóttir sóknarprestur
6. Innsent erindi, Landgræðsla Ríkisins beiðni um styrk
7. Fundargerð samstarfshóps sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps um Finnafjarðarverkefnið, dags 19. desember 2016
8. Drög að samningi Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps vegna Finnafjarðarverkefnisins
9. Lokun neyðarbrautar á Reykjavíkflugvelli
10. Framkvæmdir Eignasjóðs, Grunnskólinn á Þórshöfn
11. 11 mánaða uppgjör sveitarsjóðs
12. Norðurhjari, kynning á starfsemi
13. Skýrsla sveitarstjóra

Fundargerð:

- 1. Fundargerð 845. stjórnarfundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags 16. desember 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- 2. Fundargerð 289. stjórnarfundar Eyþings, dags 16. desember 2016**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- 3. Fundargerð 290. stjórnarfundar Eyþings, dags 6. janúar 2017**



LANGANESBYGGÐ

Fundargerð lögð fram til kynningar. Halldóra Jóhanna og Elías tóku til máls.

4. Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um br. á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins

Umsögn lögð fram til kynningar.

5. Innsent bréf, Brynhildur Óladóttir sóknarprestur

Lagt fram til kynningar

6. Innsent erindi, Landgræðsla Ríkisins beiðni um styrk

Fram er lagt bréf frá Landgræðslu Ríkisins hvar óskað er styrks að fjárhæð 40.000,- vegna verkefnisins Bændur græða landið. Til máls tóku Siggeir, Reynir og Elías

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að veita umræddan styrk. Samþykkt samhljóða.

7. Fundargerð samstarfshóps sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps um Finnafjarðarverkefnið, dags 19. desember 2016

Lagt fram til kynningar

8. Drög að samningi Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps vegna Finnafjarðarverkefnisins

Fram eru lögð drög að samningi sveitarfélaganna vegna Finnafjarðarverkefnisins með athugasemdum sveitarstjóra. Til máls tóku Halldóra og Elías.

Bókun: Sveitarstjóra falið að vinna drögin áfram og leggja fyrir sveitarstjórn. Samþykkt af Huldu, Heiðrúnu, Þorsteini og Reyni. Siggeir, Björn og Halldóra sitja hjá.

9. Lokun neyðarbrautar á Reykjavíkurlflugvelli

Sveitarstjórn Langanesbyggðar harmar eindregið þá ákvörðun Borgarstjórnar Reykjavíkur að loka NA/SV flugbraut á Reykjavíkurlflugvelli, svokallaðri neyðarbraut og bendir á að sú ákvörðun muni hafa grafalvarlegar afleiðingar. Sveitarstjórn bendir á að aldrei má gleymast að það er sameiginleg ábyrgð allrar þjóðarinnar að öryggi og heilsu íbúa landsins sé ekki stefnt í tvísýnu. Lokun flugbrautarinnar er ekki einkamál Borgarstjórnar Reykjavíkur. Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni er mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar og er það sameiginleg ábyrgð okkar allra að öryggi og heilsu íbúa landsins sé ekki stefnt í tvísýnu.

Sveitarstjóra falið að koma ofangreindri bókun á framfæri við rétta aðila. Samþykkt samhljóða.



10. Framkvæmdir Eignasjóðs, Grunnskólinn á Þórshöfn

Þorsteinn las eftirfarandi bókun:

Bókun meirihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar

Á fundi sveitarstjórnar þann 12. desember 2016, undir dagskrárlið 12, lagði U-listi fram bókun. Af því tilefni lagði meirihlutinn fram bókun þar sem áskilinn var réttur til að leggja fram bókun, eða svar, á næsta fundi sveitarstjórnar enda var bókun minnihlutans löng og yfirgripsmikil. Í samræmi við það er eftirfarandi bókun meirihlutans lögð fram. Það er rétt sem fram kemur í bókun minnihlutans að það hefur kostað mikla baráttu að ná þeim tókum á rekstri sveitarfélagsins sem raun ber vitni. Að afloknum kosningum 2014, þegar nýr meirihluti tók við stjórn sveitarfélagsins stefndi í neikvæða rekstrarafkomu A-sjóðs. Þó fast væri stigið á bremsur það ár þá varð niðurstaðan neikvæð um 40,1 milljón. Uppsafnað tap A-sjóðs árin 2011 til 2014 var 121 milljón og hafði taprekstur verið viðvarandi a.m.k frá 2007 (uppsafnað tap '07-'14 var 206 millj.). Rekstri hefur nú verið snúið við og eru horfur á jákvæðri niðurstöðu rekstrar A-hluta á næstu árum ef áætlanir ganga eftir. Varðandi þá baráttu ber að þakka sérstaklega núverandi sveitarstjóra. Er því tekið undir þann þátt bókunar minnihlutans.

Varðandi efni bókunar minnihluta að öðru leyti er ljóst að þar má greina rangfærslur og aðdróttanir sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þá virðist í bókuninni gæta misskilnings og vanþekkingar á hlutverk kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum þegar kemur að daglegum rekstri sveitarfélagsins, sbr. réttindi og skyldur sveitastjórnarmanna skv. ákvæðum IV. kafla sveitarstjórnarlaga og enn fremur VI. kafla sömu laga, þar sem kveðið er á um verksvið sveitarstjóra varðandi daglegan rekstur, samningsgerð, ofl. Vísast um þessi atriði að öðru leyti til tilgreindra ákvæða sveitarstjórnarlaga.

Að gefnu þessu tilefni öllu er því rétt að taka fram og upplýsa um að á fyrri hluta árs 2016 var gerð sérstök og ítarleg rannsókn á skólahúsnæði Grunnskólans á Þórshöfn. Rannsóknin fór fram í kjölfar þessa að leka hafði orðið vart í skólanum. Rannsókn staðfesti þann grun að húsið væri sýkt af myglu. Rannsóknin var framkvæmd af og undir umsjá EFLU-verkfræðistofu. Við rannsókn á aðdraganda málsins kom síðar í ljós að vandamálið var ekki nýtt af nálinni. Um það vitna bréf sem Langanesbyggð fékk send frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra síðari hluta árs 2012. Þá hefur komið fram í samtölum við fyrri skólastjóra og sveitarstjórnarfolk að loftgæði í húsnæðinu hafi verið til umræðu um langa hríð án þess að séð verði að til mikilla aðgerða hafi verið gripið af hálfu þeirra sem áður fóru með forystu fyrir sveitarfélagið. Það vakti mikla furðu að ekki hafi verið ráðist í gagngerar úrbætur á sínum tíma eftir að upplýsingar um loftgæði í húsnæðinu lágu fyrir.

Eftir að mygla í skólanum var staðfest var EFLA verkfræðistofa fengin til að gera frekari áætlanir, sjá um hönnun og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum endurbótum á skólanum, eins og áður hefur verið nefnt. Sá einstaklingur sem fengin var sérstök



LANGANESBYGGÐ

umsjón með verkinu hefur mikla reynslu á þessu sviði, og hafði sveitarstjórn t.a.m. horft til hans skömmu áður sem mögulegs verkefnisstjóra vegna leikskólabyggingar. Að verkinu komu, auk hans, fleiri sérfræðingar frá EFLU ásamt því að leitað var ráðgjafar annarsstaðar.

Hvað varðar ráðningu iðnaðarmanna vegna verksins var brugðið á það ráð að leita fanga víða – reyndar má segja að leitað hafi verið iðnaðarmanna og tilboða um allt land. Að því stóð sveitarstjóri í samráði við áður nefndan umsjónarmann verksins. Niðurstaðan varð svo sú að ráða heimamenn, smíðafyrirtæki frá Egilsstöðum, verktaka frá Akureyri auk verktaka úr Reykjavík. Færa má góð og gildi rök fyrir því að allir sem komu að verklegum framkvæmdum hafi unnið kraftaverk þegar horft er til aukins umfangs verksins og þess skamma tíma sem var til reiðu. Sama má segja um starfsmenn skólans sem og aðra þá starfsmenn sveitarfélagsins sem komu að verkinu. Það er mikilvægt að sveitarstjórn þakki þeim sérstaklega fyrir þeirra framlag.

Það er alþekkt að erfitt er að sjá fyrir hvert umfang svona mygluverkefna getur orðið og kostnaður sem af hlýst, enda mygla þess eðlis að hún finnst ekki nema að rífið sé frá og allar aðstæður skoðaðar. Þetta þekkja allir sem hafa komið að vinnu við hreinsun og endurbætur á fasteignum eftir að myglu hefur orðið vart. Það átti við í umræddu tilviki.

Það er alrangt sem fram kemur í bókun minnihluta að sveitarstjóri hafi ekki haldið sveitarstjórn upplýstri um framgang verkefnisins. Um það vitna fjölmargar bókanir á fundum sveitarstjórnar, fram lögð minnisblöð, tölvupóstar, ásamt fjölda mynda sem sveitarstjóri tók og veitti sveitarstjórn og nefndarfolki í fræðslunefnd aðgang að meðan á verkinu stóð. Einnig var í tölvupóstum sveitarstjóra sem og munnlega hjá starfandi oddvita ítrekað komið á framfæri vilja allra til upplýsingagjafar og samstarfs. Þá var enn fremur haldinn íbúafundur vegna málsins þann 22. júní 2016 hvar því var skýrt komið á framfæri að mikil óvissa væri um endanlegan kostnað.

Þrátt fyrir mikinn aðgang að upplýsingum svo allir væru upplýstir um framgang verksins reyndist lítil sem enginn áhugi af hálfu ftr. U-lista að kynna sér fyrirliggjandi upplýsingar. Í því samhengi má t.a.m. nefna að minnihlutinn hefur frá upphafi setið hjá í öllum atkvæðagreiðslum sveitarstjórnar, þar sem verkið hefur komið til meðferðar og afgreiðslu sveitarstjórnar.

Í ljósi alls ofanritaðs þá vekur bókun minnihlutans talsverða athygli.

Það er rangt sem kemur fram í bókun minnihlutans að sveitarstjóri hafi á fundi þann 2. ágúst sl. sagt að verkið væri á áætlun. Hið rétta er að sveitarstjóri upplýsti sveitarstjórn um að m.v. fyrirliggjandi gögn liti ekki út fyrir að verkið færi langt fram úr upphaflegri samþykktu kostnaðaráætlun, sem hætta er á eins og áður hefur verið rakið. Það svar sveitarstjóra á fundinum var byggt á endurskoðaðri kostnaðaráætlun ráðgjafa verksins sem barst sveitarstjóra þann 2. ágúst með tölvupósti, eftir að hann hafði að eigin frumkvæði, óskað eftir endurskoðun á fyrri kostnaðaráætlun.

Meirihluti sveitarstjórnar mótmælir harðlega þeim röngu fullyrðingum og órökstuddu aðdróttunum sem fram koma í bókun minnihlutans. Það er ljóst að sá árangur sem náðst



LANGANESBYGGÐ

hefur í endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins, sem minnihlutinn vísar til í bókun sinni, hefði ekki náðst nema leiðarljós aðhalds og sparnaðar væru allsráðandi og tækju til allra ákvarðana um fjárútlát. Það átti við um þetta verk.

Í ljósi rangfærslna og aðdróttana sem fram koma í bókun minnihluta, hefur meirihluti sveitarstjórnar ákveðið að fela sveitarstjóra að taka saman gögn vegna verkefnisins, ásamt eldri gögnum um vitneskju um tilvist myglunnar, og gera þau aðgengileg á heimasíðu Langanesbyggðar.

Munu gögn vegna málsins verða birt þar innan tíðar. Siggeir
bað um fundarhlé. Fundur settur á ný og Siggeir bað um orðið. U-Listinn lagði fram eftirfarandi bókun: U-Listinn stendur við bókun sína frá fundi sveitarstjórnar þann 15. desember 2016 og ítrekar það sem fram kemur í þeirri bókun. Við vorum ekki upplýst nema að takmörkuðu leyti og breytingar á framkvæmdum ekki bornar undir okkur. Í ofangreindri greinargerð frá meirihluta er mikið um rangfærslur og útúrslúninga sem U-Listinn gefur sér rétt til að svara seinna.

11. 11 mánaða uppgjör sveitarsjóðs

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti 11 mánað rekstraruppgjör Langanesbyggðar. Tekjur eru 6,8% hærri en áætlun gerði ráð fyrir en 3,9% hærri en samtímatekjur fyrra árs. Rekstrargjöld A-sjóðs eru 5,9% hærri en gert var ráð fyrir í áætlun og 5,9% hærri en samtímagjöld fyrra árs. Umrædd hækkun skýrist að mestu með launahækkunum.

Afkoma samstæðu er nokkurn veginn á pari við samtímaafkomu fyrra árs en mun lakari en áætlun gerði ráð fyrir, þar er ástæðan tekjuhrun hafnar vegna minni uppsjávarveiði.

12. Norðurhjari, kynning á starfsemi

Inn á fundinn kom Nik Peroz og kynnti starfsemi Norðurhjara.

13. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem hæst hafa borið frá síðasta fundi og skýrslan mun bera þess merki að nú eru nýliðin jól og áramót. Frágangsvinnu er lokið í kjölfar fjárhagsáætlanagerðar og hafinn er undirbúningur að uppgjörsvinnu vegna síðasta árs. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við forsvarsmenn N1. Ákvörðun um endurbyggingu liggur ekki fyrir. Fundað hefur verið með forsvarsmönnum Ísl. Gámafélagsins og verður fundað aftur nk. mánudag. Unnið hefur verið að ýmsum smávægilegum lokafrágangi í húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn og er óhætt að segja að húsnæði skólans sé orðið eins og allrabest gerist á landinu. Sveitarstjóri hefur af því spurnir að jákvætt hafi verið tekið í umsókn sveitarfélagsins um styrk vegna varmadæluvæðingu Íþróttamiðstöðvarinnar. Framundan eru fundir með samstarfsaðilum vegna samstarfssamnings sveitarfélaganna sem koma að Finnaþjóðarverkefninu, og fundur vegna innanlandsflugsins hjá Innanríkisráðuneytinu. Til máls tók Siggeir.

Fundargerð upplesin, samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 18.23